

28. júní 1976.

421

Nr. 245.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 119 30. apríl 1976 um innflutningsgjald af bifreiðum.

1. gr.

Við 4. gr. reglugerðarinnar bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Þrátt fyrir hækkun innflutningsgjalds 1. júlí 1976 á þeim ökutækjum, er falla undir 1. tl. 2. gr., skal heimilt til 15. júlí 1976 að greiða 75% innflutningsgjald af sömu ökutækjum, enda sé skilyrðum 14. gr. tollskrárlaga um töku nefndra ökutækja til tollmeðferðar fullnægt fyrir 1. júlí 1976.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 16. gr., sbr. 35. gr., laga nr. 4/1960 um efnahagsmál til að öðlast gildi þegar í stað.

Fjármálaráðuneytið, 28. júní 1976.

F. h. r.

Þorsteinn Ólafsson.

Björn Hafsteinsson.

28. júní 1976.

Nr. 246.

GJALDSKRÁ

fyrir Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

I. KAFLI

GILDISSVIÐ

1. gr.

Gjaldskrá þessi gildir fyrir orkuveitusvæði Rafmagnsveitu Reykjavíkur.

II KAFLI

HEIMTAUGARGJÖLD

2. gr.

- 2.1 Heimtaugargjald skal greitt fyrir hverja heimtaug, er tengir húsveitu við veitukerfi Rafmagnsveitu Reykjavíkur. Heimtaugargjaldið skal greitt við umsókn.
- 2.2 Heimtaugar greinast í aðalheimtaugar fyrir fullgerðar húsveitur og bráðabirgðaheimtaugar fyrir byggingastaði.

B 53